

From: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
Subject: Umsögn við frumvarpsdrög til laga um lagareldi: XII. kafli. Afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis
Date: Monday, March 30, 2026 7:19:24 AM
Attachments: [Fylgiskjal 1. Afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis \(XII. kafli\).pdf](#)

Ágætu félagar,

Gerðar hafa verið tilteknar jákvæðar breytingar á frumvarpsdrögum til laga um lagareldi frá útgáfu þeirra árið 2024. Þrátt fyrir það eru áfram til staðar verulegir grundvallarmeinbugir í XII. kafla frumvarpsins, sem fjallar um afturköllun rekstrarleyfa til sjókvíaeldis.

Í meðfylgjandi umsögn eru þessir annmarkar raktir með ítarlegum hætti.

Um er að ræða síðustu umsögn við frumvarpsdrögin þar sem endanlegt frumvarp hefur verið lagt fram. Fyrri umsagnir verða jafnframt endurskoðaðar með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið, auk þess sem tekið verður mið af gagnlegum athugasemdum sem borist hafa frá öðrum umsagnaraðilum.

MEGINNIÐURSTÖÐUR

Þróun lagaumhverfis sjókvíaeldis frá árinu 2014 hefur í reynd markvisst veikt þau stjórnþæki sem áttu að tryggja virka og hagkvæma nýtingu rekstrarleyfa. Upphafleg markmið laganna hafa ekki náðst, einkum vegna þess að lykilforsendur – svo sem skýr afmörkun sjókvíaeldissvæða og síðar smitvarnarsvæða – hafa ekki verið fullnægjandi innleiddar.

Svokallað „hótunarkerfi“, þ.e. heimildir til að afturkalla eða skerða rekstrarleyfi vegna lítillar nýtingar, hefur í framkvæmd verið óvirkt. Í stað þess að leyfi féllu niður hafa stjórnvöld ítrekað:

- lengt fresti til uppbyggingar,
- lækkað kröfur um nýtingu,
- og rýmkað undanþágur.

Afleiðingin er sú að svigrúm rekstraraðila til að halda heimildum án raunverulegrar nýtingar hefur aukist með tímanum.

Að óbreyttu munu núverandi frumvarpsdrög leiða til:

- að rekstraraðilar geti áfram settið á heimildum með lítilli nýtingu,
- að lítil raunhæf hætta verði á afturköllun leyfa,
- að kerfið tryggi hvorki hagkvæma nýtingu auðlindarinnar né eðlilegar tekjur ríkisins.

TILLÖGUR

Lagt er til að færa áhersluna frá óvirku „hótunarkerfi“ yfir í skýra og virka efnahagslega hvata:

1. Fella út ákvæði um afturköllun, 2. mgr. 56. gr.
2. Innleiða burðarþolstengt árlegt gjald

- Tekið verði upp árlegt gjald sem byggir á burðarþoli svæðis, óháð raunverulegri nýtingu.
- Gjaldtakan myndi:
 - skapa beinan hvata til fullrar nýtingar,
 - draga úr því að aðilar sitji á heimildum,
 - tryggja stöðugri tekjur ríkisins af auðlindinni.

Um

Undirritaður er sjávarútvegsfræðingur og hefur starfað við fiskeldi í rúm 30 ár. Hann hefur komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld, meðal annars við undirbúning laga og reglugerða á sviðinu.

Spilling við undirbúning og setningu laga um fiskeldi á árunum 2017–2019 hefur verið gagnrýnd opinberlega. Í byrjun árs 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu og verður reglulega upplýst um framgang þess.

Yfirlit um málið er að finna á lagareldi.is

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á sjavarutvegur.is

Með kveðju/ Regards
Valdimar Ingi Gunnarsson
Samfélagsverkefni gegn spillingu
Sjávarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíða: www.lagareldi.is